

88 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem 10. júlí hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

89
12. júlí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 15. þ. m. og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. janúar 1933, nr. 30 1. marz 1943, nr. 15 6. febrúar 1952 og nr. 26 25. febrúar 1955) um 20%, þannig að almennt viðtalsgjald, sem samkvæmt hinni upphaflegu gjaldskrá 1933 var 2 krónur, verður 12 krónur og aðrir liðir samsvarandi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 12. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

90
12. júlí

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir eftir hreppum, og er hver hreppur sérstök deild. Þó getur sýslunefnd ákveðið, að tveir hreppar eða fleiri myndi sömu deild, en til þess þarf samþykki almennra sveitarfunda og hreppsnefnda hlutaðeigandi hreppa.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, en hreppsnefndir stjórna framkvæmd fjallskilanna, hver í sinni fjallskiladeild.

3. gr.

Þar sem hreppur er ein fjallskiladeild, skal hreppsnefnd, að afloknum hverjum hreppsnefndarkosningum, kjósa mann til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála hreppsins, og nefnist hann fjallskilastjóri. Hann skal sjálfur vera við aðalrétt í hvert skipti, sem þar er réttað, stjórna sundurdrætti og ráða þar réttarúmi öllu. Geti hann ekki mætt þar sjálfur, gildra forfalla vegna, ber honum að setja hæfan mann í sinn stað og á sína ábyrgð. Heimilt er hreppsnefnd að fela honum bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Þar sem tveir hreppar eða fleiri eru sameinaðir í eina fjallskiladeild, skulu hreppsnefndirnar kjósa fjallskilastjórnann sameiginlega. Fáir tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.